

Einhverfa og áhrif hennar á upplifun einstaklingsins

Særún Birta Valsdóttir



Ég heiti Særún Birta og lokaverkefnið mitt var rannsóknarritgerð um einhverfu. Ástæðan fyrir því vali var vegna þess að ég tók þroskasálfræði á þessari önn og gat ég nýtt rannsóknarritgerðina í þeim áfanga sem lokaverkefnið mitt. Rannsóknin mín heitir “Einhverfa og áhrif hennar á upplifun einstaklingsins” vegna þess að rannsóknarspurningin mín var hvernig unglingar upplifa stöðu sína, áskoranir og styrkleika.

Aðferð og framkvæmd

Rannsóknin mín var eigindleg rannsókn og í þeim rannsóknum erum við ekki að reyna sanna eitthvað eins og í megindlegum rannsóknum, við erum meira að vinna með einstaklingsviðtöl, túlkanir og orð á meðan við vinum meira með prósentur í megindlegum rannsóknum.

Í minni rannsókn tók ég viðtöl við nemendur úr Verkmenntaskóla Austurlands í samtali við leiðbeinanda minn og námsráðgjafa sem voru svona milliliðir.

Þemagreining er það sem lýsir minni aðferð best hvernig ég vann úr gögnunum. Sú aðferð er notuð til þess að greina og túlka ákveðin mynstur frá gögnum sem maður hefur og það er hlutverk rannsakanda að hugleiða, velja, raða saman og leggja skilning á það hver aðalatriðin eru, hvað er áhugavert og mikilvægt sem hefur tengingu fyrir rannsóknarspurninguna þangað til það myndast heildarmynd hjá rannsakanda sem hann ákveður síðan þemu á.

Hvað er einhverfa?...

Einhverfa er stórt hugtak en í stuttu máli þá er einhverfa truflun í taugaþroska sem hefur umfangsmikil áhrif á líf fólks og veldur því að heilinn þroskast ekki á dæmigerðan hátt. Þessi truflun byrjar oftast á fósturstigi og getur síðan haldið áfram eftir fæðingu. Einhverfa er yfirleitt meðfædd og kemur fram í barnæsku og er ólík hjá fólki eftir aldri, þroska og færni.

Einhverfa er allskonar og engir tveir eru með eins einhverfu.

Félagslegar aðstæður, viðhorf, lög og reglur, aðgengi og þjónusta, tækifæri til náms, atvinnu og félagslíf skipta yfir höfðuð miklu máli fyrir þátttöku fólks með einhverfu í samfélaginu vegna þess að ef einstaklingur sem er með einhverfu fær ekki þann stuðning sem hæfir honum getur það haft neikvæð áhrif á heilsu og lífsgæði einstaklingsins.



Einkenni einhverfu

Í minni rannsókn lagði ég mest áherslu á einkenni einhverfu í fræðilega kaflanum.

Það er mjög misjafnt hvernig einkennin birtast og hversu mikil skerðing fylgir hverjum og einum. Einhverfueinkenni eru túlkuð sem áskoranir í félagslegum samskipum og einhverfa getur að sjálfsögðu verið styrkleiki ef fólk skilur viðkomandi og fær stuðning og getur þannig nýtt hæfileika sína til að ná árangri. Svo eru margir sem auðvitað þurfa ekki aðstoð og komast í gegnum lífið án þess að þurfa sérstaka aðstoð.

Einkenni má aftur á móti finna á nokkrum sviðum eins og t.d félagsfærni, tjáning, áráttukennd hegðun og skynjun.

Félagsfærni: flestir eiga erfitt með að læra samskiptamynstur og forðast oft augnsamband og tengsl við annað fólk. Margir kjósa oft að vera einir frekar en með öðrum, sýna ekki mikil viðbrögð við tilfinningum, eru lengu að túlka tilfinningar og hugsanir annara og eiga erfitt með að setja sig í spor annara

Tjáning: sumir einstaklingar læra aldrei að tala þrátt fyrir fulla heyrn, sumir læra eitt og eitt orð en tapa síðan orðunum með tímanum. Aðrir geta lært að tala en eru kannski ennþá að læra að tala þegar þau eru jafnvel orðin fimm ára. En síðan er auðvitað fólk sem talar mjög mikið og eiga mjög auðvelt með það. Sumir endurtaka það sem þeir segja og tala um sig í þriðju persónu og geta átt erfitt með að halda uppi samræðum.

Áráttukennd hegðun: margir skera sig úr hópi annara vegna furðulegrar hreyfinga, eins og að raða sama leikfanginu upp í marga klukkutíma og það getur farið yfir í mun ítarleg áhugamál eins og að vita allar tímaáætlanir strætisvagna. Fólk með einhverfu vill hafa allt í röð og reglu, breytingar hafa mikil áhrif eins og skökk mynd eða ef það er ekki farið sömu leið í skólann þá getur það komið einstaklingnum í uppnám.

Skynjun: fólk með einhverfu getur átt erfitt með að sameina upplýsingar frá ólíkum skynfærum og stundum virðast þær berast rangar til einstaklingsins og út af þessu getur fólk verið næmt fyrir hljóðum, bragði og lykt.

Niðurstöður

Í niðurstöðum er ég bæði með upplýsingar sem ég fékk frá heimildum sérfræðinga á þessu sviði, úr íslenskum sambærilegum viðtalsrannsóknum sem gerðar hafa verið og úr viðtölunum mínum.



Niðurstöðurnar sem ég er með eru ekki heildarniðurstöður heldur samantekt og eins og þær segja þá eru þeir einstaklingar sem tekin hafa verið viðtöl við, yfirleitt jákvæð gagnvart stöðu sinni í lífinu þótt erfiðleikar eiga sér stað, þeim finnst mikilvægt að fá stuðning frá fjölskyldu, vinum og fólki innan skólans og ásamt því finnst mörgum aðstoðin í skólanum góð.

Flestum finnst nauðsynlegt að skynúrvinnsla þeirra sé útskýrð fyrir öðrum til þess að auðvelda þeim skilning á bæði sér og öðrum. Óvenjuleg skynúrvinnsla hefur mikil áhrif á félagsleg samskipti hjá mörgum.

Samskipti við jafnaldra geta verið ekki góð vegna neikvæðs viðhorfs sem þau finna frá þeim og það getur verið erfitt að halda upp samræðum við annað fólk og oft getur verið óþægilegt að vera nálægt fólki sem hefur ekki sama áhugamál. Sumum finnst erfitt að tjá sig og mörgum finnst erfitt að mynda tengsl við aðra.

Áskoranir geta t.d. verið að einbeitingin fer auðveldlega og þar af leiðandi er það áskorun að reyna að halda einbeitingu og þá sérstaklega í námi. Það er áskorun fyrir marga að halda upp samræðum við fólk í kringum sig og það getur verið krafa að horfa í augun á fólki

Styrkleiki: stór fjöldi hefur mjög gott ímyndunarafl og hafa löngun til þess að bæta við sig þekkingu. Styrkleikar eru líka þeir að fólk hefur mikið og fjölbreytt áhugasvið

Ég og leiðbeinandi minn ákváðum að stilla þessu upp svona vegna þess að við erum í svo litlu samfélagi og rannsóknin hefur miklar persónuupplýsingar um viðkvæmt málefni, svo rannsóknin sjálf verður ekki sýnileg.